

Ársreikningur

**SORPA bs.**

2019

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026



## Efnisyfirlit

|                                           |    |
|-------------------------------------------|----|
| Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra..... | 2  |
| Áritun óháðra endurskoðanda .....         | 3  |
| Rekstrarreikningur 2019.....              | 5  |
| Efnahagsreikningur 31.desember 2019 ..... | 6  |
| Sjóðstreymi 2019.....                     | 8  |
| Skýringar .....                           | 9  |
| Fylgigögn með ársreikningi 2019 .....     | 18 |

### **Stjórn SORPU bs.:**

Birkir Jón Jónsson, stjórnarformaður

Líf Magneudóttir, varaformaður

Ágúst Bjarni Garðarsson

Bjarni Torfi Álfþórsson

Jóna Sæmundsdóttir

Kolbrún Þorsteinsdóttir

### **Framkvæmdastjóri:**

Helgi Þór Ingason

### **Kjörnir endurskoðendur:**

Grant Thornton endurskoðun ehf.

## Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Aðalstarfsemi SORPU bs. er að annast meðhöndlun úrgangs.

Ársreikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður samlagsins 96,3 millj. kr. á tímabilinu. Eigið fé samlagsins í lok tímabils nam um 3.809,6 millj. kr. en nam um 3.513,3 millj. kr. í byrjun tímabils. Að öðru leyti vísast til ársreiknings varðandi fjárhagsstöðu samlagsins og rekstur þess á liðnu tímabili.

Ársverk hjá samlaginu voru 113 og launagreiðslur samlagsins námu um 951,6 millj. kr. á tímabilinu.

Kynjahlutfall stjórnar er jafnt, 3 konur og 3 karlar.


Áhrif faraldurs vegna COVID-19 veirunnar á íslenskt efnahagslíf og fjármálamarkaði eru víðtæk og mikil óvissa ríkir um framhaldið. Ekki er fyrir séð um áhrif faraldursins á starfsemi byggðarsamlagsins en að mati stjórnar og framkvæmdastjóra hafa ekki komið fram vísbendingar við undirritun ársreiknings þess efnis að vafi kunni að leika á rekstrarhæfi byggðarsamlagsins.

Stjórn SORPU bs. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samlagsins fyrir rekstrarárið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. mars 2020

Stjórn SORPU bs.:

  
Kolbrinn G. Þorsteinsson  
Bjarni Tólf

  
Jóna Þorvaldsson  
Jóna Þorvaldsson

Framkvæmdastjóri:



# Áritun óháðra endurskoðanda

Til stjórnar og eiganda SORPU bs.

## Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning SORPU bs. („félagið“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð félaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar taka til upplýsinga í ársskýrslu, þó ekki ársreiknings og áritun óháðs endurskoðanda. Álit okkar nær ekki til upplýsinga í ársskýrslu eða annarra upplýsinga sem félagið gefur út. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlæstri á efni ársskýrslunnar og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli hennar og ársreikningsins, hvort upplýsingar í ársskýrslu séu í andstöðu við þær upplýsingar sem við höfum aflað við endurskoðun okkar eða hvort í ársskýrslunni séu verulegar villur.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningsins með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við

alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.


Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitungu við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar félagsins og berum ein ábyrgð á áliti okkar á félaginu.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við lýsum því yfir að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.  
Reykjavík, 30. mars 2020

  
Theodór S. Sigurbergsson  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur 2019

|                                                   | Skýr. | 2019                     | 2018                      |
|---------------------------------------------------|-------|--------------------------|---------------------------|
| <b>Rekstrartekjur</b>                             |       |                          |                           |
| Þjónustutekjur.....                               |       | 3.838.693.885            | 4.156.388.421             |
| Aðrar tekjur.....                                 |       | <u>9.518.683</u>         | <u>14.650.812</u>         |
|                                                   | 3     | <u>3.848.212.568</u>     | <u>4.171.039.233</u>      |
| <b>Rekstrargjöld</b>                              |       |                          |                           |
| Laun og launatengd gjöld.....                     | 15    | 1.198.070.885            | 1.147.272.130             |
| Rekstrarkostnaður.....                            |       | 2.277.361.208            | 2.284.388.987             |
| Afskriftir.....                                   | 2,6   | <u>222.565.565</u>       | <u>211.159.759</u>        |
|                                                   | 4     | <u>3.697.997.658</u>     | <u>3.642.820.876</u>      |
| Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) |       | 150.214.910              | 528.218.357               |
| <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>         |       |                          |                           |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....           | 5     | (52.609.018)             | 13.085.245                |
| Áhrif hlutdeildarféлага.....                      |       | <u>-1.321.587</u>        | <u>851.393</u>            |
|                                                   |       | <u>(53.930.605)</u>      | <u>13.936.638</u>         |
| <b>Hagnaður ársins.....</b>                       |       | <b><u>96.284.305</u></b> | <b><u>542.154.995</u></b> |

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

# Efnahagsreikningur

## Eignir

|                                           | Skýr | 2019                 | 2018                 |
|-------------------------------------------|------|----------------------|----------------------|
| <b>Fastafjármunir</b>                     |      |                      |                      |
| <b>Varanlegir rekstrarfjármunir:</b>      | 2, 6 |                      |                      |
| Gufunes móttökustöð.....                  |      | 563.936.478          | 243.588.451          |
| Álfsnes urðunarstöð.....                  |      | 4.919.275.081        | 1.816.997.337        |
| Gufunes vélar og tæki.....                |      | 883.314.031          | 474.074.582          |
| Endurvinnslustöðvar.....                  |      | 408.678.382          | 424.964.824          |
|                                           |      | <u>6.775.203.972</u> | <u>2.959.625.194</u> |
| <b>Áhættufjármunir og langtímakröfur:</b> |      |                      |                      |
| Eignarhlutir í öðrum félögum.....         | 7    | 24.336.754           | 25.658.341           |
| Fyrirframgreiddur kostnaður.....          | 8    | 0                    | 150.772.866          |
| Bundnar bankainnstæður.....               |      | 40.674.566           | 81.267.057           |
|                                           |      | <u>65.011.320</u>    | <u>257.698.264</u>   |
| <b>Fastafjármunir</b>                     |      | <u>6.840.215.292</u> | <u>3.217.323.458</u> |
| <b>Veltufjármunir</b>                     |      |                      |                      |
| <b>Skammtímakröfur:</b>                   |      |                      |                      |
| Viðskiptakröfur.....                      | 2    | 155.146.186          | 217.894.298          |
| Aðrar kröfur.....                         |      | 58.795.814           | 26.943.686           |
| Kröfur á tengd félög.....                 | 17   | 237.366.614          | 193.836.107          |
| Fyrirframgreiddur kostnaður.....          | 8    | 150.773.091          | 150.772.866          |
| <b>Handbært fé:</b>                       | 2    |                      |                      |
| Bankainnstæður.....                       |      | 441.568.409          | 825.474.464          |
| <b>Veltufjármunir</b>                     |      | <u>1.043.650.114</u> | <u>1.414.921.421</u> |
| <b>Eignir samtals</b>                     |      | <u>7.883.865.406</u> | <u>4.632.244.879</u> |

31. desember 2019

## Skuldir og eigið fé

| Eigið fé                                       | Skýr | 2019                        | 2018                        |
|------------------------------------------------|------|-----------------------------|-----------------------------|
| Stofnfé.....                                   | 9    | 886.962.568                 | 686.962.569                 |
| Óráðstafað eigið fé.....                       |      | <u>2.922.602.942</u>        | <u>2.826.318.637</u>        |
| <b>Eigið fé samtals</b>                        | 10   | <u>3.809.565.510</u>        | <u>3.513.281.206</u>        |
| <b>Skuldbindingar</b>                          |      |                             |                             |
| Skuldbinding vegna ábyrgðar á urðunarstað..... | 12   | 97.726.239                  | 84.135.636                  |
| Skuldbinding vegna endurvinnslustöðva.....     | 13   | <u>292.313.989</u>          | <u>264.769.623</u>          |
| <b>Skuldbindingar</b>                          |      | <u>390.040.228</u>          | <u>348.905.259</u>          |
| <b>Langtímaskuldir:</b>                        |      |                             |                             |
| Skuldir við lánastofnanir.....                 | 11   | <u>2.571.546.849</u>        | <u>188.378.961</u>          |
|                                                |      | <u>2.571.546.849</u>        | <u>188.378.961</u>          |
| <b>Skammtímaskuldir:</b>                       |      |                             |                             |
| Viðskiptaskuldir.....                          |      | 416.965.640                 | 361.852.559                 |
| Skuldir við tengda aðila.....                  |      | 130.325.364                 | 19.178.688                  |
| Ýmsar skammtímaskuldir.....                    |      | 301.061.480                 | 118.661.258                 |
| Skammtíma bankalán.....                        |      | 176.900                     | 0                           |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda.....       | 11   | <u>264.183.435</u>          | <u>81.986.948</u>           |
| <b>Skammtímaskuldir</b>                        |      | <u>1.112.712.819</u>        | <u>581.679.453</u>          |
| <b>Skuldir samtals</b>                         |      | <u>4.074.299.896</u>        | <u>1.118.963.673</u>        |
| <b>Skuldir og eigið fé samtals</b>             |      | <u><u>7.883.865.406</u></u> | <u><u>4.632.244.879</u></u> |

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

## Sjóðstreymi 2019

| Handbært fé frá (til) rekstri                     | Skýr. | 2019                      | 2018                      |
|---------------------------------------------------|-------|---------------------------|---------------------------|
| Frá rekstri:                                      |       |                           |                           |
| Hagnaður af reglulegri starfsemi                  |       | 96.284.305                | 542.154.995               |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:  |       |                           |                           |
| Afskriftir.....                                   | 2, 6  | 222.565.565               | 211.159.759               |
| Sölutap (hagnaður) fastafjármuna.....             |       | (75.575)                  | 341.125                   |
| Áhrif hlutdeildarféлага.....                      | 7     | 1.321.587                 | (851.393)                 |
| Verðbætur.....                                    |       | 24.147.360                | 0                         |
| Veltufé frá rekstri                               |       | <u>344.243.242</u>        | <u>752.804.486</u>        |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum    |       |                           |                           |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun).....             |       | 138.138.110               | 91.193.570                |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....            |       | <u>348.836.879</u>        | <u>(71.103.076)</u>       |
| Breytingar á rekstrar. eignum og skuldum          |       | <u>486.974.989</u>        | <u>20.090.494</u>         |
| <b>Handbært fé frá (til) rekstrar</b>             |       | <u>831.218.231</u>        | <u>772.894.980</u>        |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>                    |       |                           |                           |
| Fjárfest í Gufunesi.....                          | 6     | (888.236.136)             | (180.953.155)             |
| Fjárfest í Álfsnesi og svæðisáætlun.....          | 6     | (3.167.106.331)           | (967.036.705)             |
| Fjárfest í endurvinnslustöðvum.....               | 6     | 0                         | (15.187.334)              |
| Söluverð fastafjármuna.....                       |       | 987.258                   | 2.890.000                 |
| Breyting langtímakrafna.....                      |       | 0                         | 0                         |
| Breyting bundinna innstæðna.....                  |       | <u>40.592.491</u>         | <u>(14.208.751)</u>       |
| <b>Fjárfestingahreyfingar</b>                     |       | <u>(4.013.762.718)</u>    | <u>(1.174.495.945)</u>    |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                     |       |                           |                           |
| Ábyrgðagjald v/urðunarstaða.....                  | 12    | 13.590.603                | 14.406.320                |
| Ný langtímalán.....                               |       | 2.740.000.000             | 0                         |
| Greiddar afborganir langtímalána.....             |       | (202.485.680)             | (92.606.666)              |
| Breyting á skuldbindingum endurvinnslustöðva..... |       | 47.533.510                | 45.498.838                |
| Stofnfjárukning.....                              |       | <u>199.999.999</u>        | <u>350.000.000</u>        |
|                                                   |       | <u>2.798.638.432</u>      | <u>317.298.492</u>        |
| <b>Hækkun(lækkun) á handbæru fé.....</b>          |       | <b>(383.906.055)</b>      | <b>(84.302.473)</b>       |
| Handbært fé í ársbyrjun.....                      |       | <u>825.474.464</u>        | <u>909.776.937</u>        |
| Handbært fé í árslok.....                         |       | <u><b>441.568.409</b></u> | <u><b>825.474.464</b></u> |

# Skýringar

## Starfsemi

1. Fyrirtækið er skráð undir nafninu SORPA bs. í fyrirtækjaskrá og þjóðskrá.

Byggðasamlagið heitir SORPA bs. sem stendur fyrir Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins byggðasamlag. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Það er stofnað í samræmi við ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum (nr. 45/1998) um samvinnu sveitarfélaga við framkvæmd einstakra verkefna.

Tilgangur byggðasamlagsins er að annast meðhöndlun úrgangs sbr. lög nr. 55/2003 fyrir sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, sem öll eru stofnaðilar að því.

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

2. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í meginatriðum eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

Við gerð ársreiknings ber stjórnendum samlagsins að meta ýmsa liði ársreikningsins. Matsaðferðirnar byggja á góðri reikningsskilavenju. Endanleg niðurstaða sem verður við innlausn eða sölu þeirra liða, sem metnir voru, getur orðið önnur en niðurstaða mats stjórnenda.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samlagsins.

### Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok tímabilsins. Verðbætur og gengismunur sem myndast eru færð í rekstrarreikning.

### Skráning tekna

Tekjur eru færðar í ársreikninginn þegar kröfuréttur myndast.

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinning af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi.

## Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

## Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samlaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til að niðurlagsverði er náð. Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

|                            |           |
|----------------------------|-----------|
| Gufunes, móttökustöð ..... | 5 - 25 ár |
| Álfsnes .....              | 5 - 10 ár |
| Vélar og tæki .....        | 5 - 9 ár  |
| Endurvinnslustöðvar .....  | 0 - 25 ár |

## Leigðar eignir

Leigusamningar, sem eru með þeim skilmálum að efnislega öll áhætta og ávinningur sem fylgja eignarhaldi á hinum leigðu eignum færast yfir til samlagsins, eru flokkaðar sem fjármögnunarleigusamningar. Við upphaflega skráningu í bókhaldi eru eignirnar færðar á gangvirði eða núvirði lágmarksleigugreiðslna, hvort sem lægra reynist. Á síðari reikningsskiladögum eru eignirnar færðar samkvæmt þeirri reikningsskilaaðferð sem gildir um viðkomandi eignir.

Aðrir leigusamningar teljast til rekstrarleigusamninga og eru hinar leigðu eignir ekki færðar til eignar.

## Eignarhlutir í félögum

SORPA bs. á 100% eignarhlut í Metan ehf. Færð er hlutdeild í tekjum ársins en ekki eru gerð samstæðureikningsskil þar sem það hefur óverulega þýðingu fyrir rekstur og efnahag samstæðunnar vegna smæðar sbr. 70. gr. laga nr. 3/2006.

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Óbein niðurfærsla viðskiptakrafna nam 6,0 millj. kr. í lok tímabilsins. Afskrifaðar tapaðar viðskiptakröfur á tímabilinu námu 1.031 þús. kr.

## Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

**Rekstrartekjur**

## 3. Rekstrartekjur sundurliðast þannig:

|                                     | 2019                 | 2018                 |
|-------------------------------------|----------------------|----------------------|
| Móttökugjöld.....                   | 2.814.276.433        | 3.129.634.130        |
| Endurvinnsluafurðir.....            | 535.530.156          | 706.331.267          |
| Endurvinnslustöðvar.....            | 1.285.841.236        | 1.240.313.877        |
| Grenndargámar.....                  | 64.866.186           | 52.292.873           |
| Útseld þjónusta.....                | 70.023.689           | 67.947.160           |
| Aðrar tekjur.....                   | 9.518.683            | 14.650.812           |
| Nytjamarkaður.....                  | 324.991.656          | 309.955.727          |
| Vinna milli deilda - eigin not..... | (1.256.835.471)      | (1.350.086.613)      |
|                                     | <b>3.848.212.568</b> | <b>4.171.039.233</b> |

**Rekstrargjöld**

## 4. Rekstrargjöld sundurliðast þannig:

|                                            | 2019                 | 2018                 |
|--------------------------------------------|----------------------|----------------------|
| Yfirstjórn og sameiginlegur kostnaður..... | 191.230.274          | 188.559.497          |
| Þróunar, tækni og fræðsludeild.....        | 150.063.001          | 146.941.386          |
| Móttöku- og urðunarkostnaður.....          | 2.934.475.548        | 3.051.742.196        |
| Grenndargámar.....                         | 64.866.186           | 52.292.873           |
| Rekstur útleigðs húsnæðis.....             | 3.365.228            | 3.101.931            |
| Nytjamarkaður.....                         | 324.991.656          | 309.955.727          |
| Rekstur endurvinnslustöðva.....            | 1.285.841.236        | 1.240.313.878        |
| Vinna milli deilda - eigin not.....        | (1.256.835.471)      | (1.350.086.613)      |
|                                            | <b>3.697.997.658</b> | <b>3.642.820.875</b> |

## 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld sundurliðast þannig:

|                               | 2019                | 2018              |
|-------------------------------|---------------------|-------------------|
| Vaxtatekjur og verðbætur..... | 26.454.986          | 29.275.050        |
| Vaxtagjöld og verðbætur.....  | (79.262.786)        | (15.461.779)      |
| Gengismunur.....              | 198.782             | (728.027)         |
|                               | <b>(52.609.018)</b> | <b>13.085.244</b> |

## Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig:

| <i>fjárhæðir í þús. kr.</i>                                | <b>Gufunes<br/>móttökustöð</b> | <b>Álfnes<br/>urðunarstöð<br/>svæðisáætlun</b> | <b>Gufunes<br/>vélar og<br/>tæki</b> | <b>Endurvinnslu-<br/>stöðvar</b> | <b>Samtals</b> |
|------------------------------------------------------------|--------------------------------|------------------------------------------------|--------------------------------------|----------------------------------|----------------|
| Heildarverð 1.1.2019.....                                  | 1.021.075                      | 2.519.567                                      | 1.181.908                            | 628.101                          | 5.350.651      |
| Afskrifað áður.....                                        | (777.486)                      | (702.569)                                      | (707.833)                            | (203.136)                        | (2.391.024)    |
| Bókfært verð í upphafi árs....                             | 243.589                        | 1.816.998                                      | 474.075                              | 424.965                          | 2.959.627      |
| Viðbót á tímabilinu.....                                   | 357.836                        | 3.167.106                                      | 530.398                              | 0                                | 4.055.340      |
| Selt og niðurlagt á tímabilinu.                            | (912)                          | 0                                              | 0                                    | 0                                | (912)          |
| Afskrifað á tímabilinu.....                                | (36.578)                       | (64.829)                                       | (121.159)                            | (16.286)                         | (238.852)      |
| Bókfært verð 31.12.2019.....                               | 563.935                        | 4.919.276                                      | 883.314                              | 408.679                          | 6.775.204      |
| Afskriftarhlutföll 12 mán.....                             | 4-20%                          | 10-20%                                         | 12-25%                               | 0-4%                             |                |
| Afskriftir færast eftirfarandi:                            |                                |                                                |                                      |                                  |                |
| Í rekstur.....                                             |                                |                                                |                                      |                                  | 222.566        |
| Til lækkunar á skuldbindingu vegna endurvinnslustöðva..... |                                |                                                |                                      |                                  | 16.286         |
|                                                            |                                |                                                |                                      |                                  | <u>238.852</u> |

Opinbert mat fasteigna í desember 2019 skiptist þannig í þús. kr.:

|                           | <b>Fasteignamat<br/>31/12/2019</b> | <b>Brunabótamat<br/>31/12/2019</b> | <b>Bókfært virði<br/>31/12/2019</b> |
|---------------------------|------------------------------------|------------------------------------|-------------------------------------|
| Gufunes, móttökustöð..... | 1.276.150                          | 1.689.350                          | 563.935                             |
| Annað.....                | 300.085                            | 167.370                            | 6.211.269                           |
|                           | <u>1.576.235</u>                   | <u>1.856.720</u>                   | <u>6.775.204</u>                    |

Vátryggingarverð véla og tækja byggðasamlagsins nam 2.418,1 millj. kr. samkvæmt mati tryggingafélagsins.

## Eignarhlutir í öðrum félögum

7. Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

|                | <b>Eignarhlutur</b> | <b>Nafnverð</b>   | <b>Bókfært verð</b> |
|----------------|---------------------|-------------------|---------------------|
| Metan ehf..... | 100%                | 47.000.000        | 24.336.754          |
|                |                     | <u>47.000.000</u> | <u>24.336.754</u>   |

**Fyrirframgreiddur kostnaður**

8. REIN20 var tekin í notkun í lok árs 2017. Á tímabilinu voru gjaldfærðar 150,8 millj. kr. vegna urðunar í reinina. Eftirstöðvar fyrirframgreidds kostnaðar vegna reinarinnar er 150,85 millj. kr. og verður gjaldfærður 2020,

Áætluð dreifing greinist þannig á næstu ár:

|                            | Samtals            |
|----------------------------|--------------------|
| 01.01.2020-31.12.2020..... | 150.773.091        |
|                            | <u>150.773.091</u> |

**Eigið fé**

9. Stofnfé sundurliðast þannig:

|                       | Eignar -<br>hluti | Stofnfé<br>31.12.2019 |
|-----------------------|-------------------|-----------------------|
| Reykjavíkurborg ..... | 60,5%             | 536.413.104           |
| Kópavogur.....        | 14,3%             | 127.021.776           |
| Hafnarfjörður.....    | 12,2%             | 108.486.499           |
| Garðabær.....         | 6,5%              | 57.466.647            |
| Mosfellsbær.....      | 4,1%              | 36.741.017            |
| Seltjarnarnes.....    | 2,3%              | 20.833.525            |
|                       | <u>100,0%</u>     | <u>886.962.568</u>    |

10. Breytingar á eigin fé SORPU bs. greinast þannig:

|                                  | Stofnfé            | Annað eigið fé       | Samtals              |
|----------------------------------|--------------------|----------------------|----------------------|
| Eigið fé 1.1.2019.....           | 686.962.569        | 2.826.318.637        | 3.513.281.206        |
| Innborgað stofnfé.....           | 199.999.999        | 0                    | 199.999.999          |
| Hagnaður tímabilsins.....        | 0                  | 96.284.305           | 96.284.305           |
| Eigið fé samtals 31.12.2019..... | <u>886.962.568</u> | <u>2.922.602.942</u> | <u>3.809.565.510</u> |

**Langtímaskuldir:**

## 11. Yfirlit um langtímaskuldir:

|                                        | Vaxtakjör<br>31.12.2019 | Eftirstöðvar<br>31.12.2019 | Eftirstöðvar<br>31.12.2018 |
|----------------------------------------|-------------------------|----------------------------|----------------------------|
| Íslandsbanki.....                      | NVT 3,75-4,92%          | 994.066.842                | 55.800.880                 |
| Lánasjóður sveitarfélaga.....          | NVT 1,80-3,45%          | 1.768.295.157              | 103.175.985                |
| Eignaleigur.....                       | ÓVTR 5,10-5,90%         | 73.368.285                 | 111.389.044                |
|                                        |                         | <u>2.835.730.284</u>       | <u>270.365.909</u>         |
| Næsta árs afborgun langtímaskulda..... |                         | <u>(264.183.435)</u>       | <u>(81.986.948)</u>        |
|                                        |                         | <u>2.571.546.849</u>       | <u>188.378.961</u>         |

**Langtímaskuldir greinast þannig:**

|                                       | 2019<br>Samtals      | 2018<br>Samtals    |
|---------------------------------------|----------------------|--------------------|
| Skuldir vegna byggðasamlagsins.....   | 2.720.411.684        | 111.389.044        |
| Skuldir vegna endurvinnslustöðva..... | 115.318.600          | 158.976.865        |
|                                       | <u>2.835.730.284</u> | <u>270.365.909</u> |

**Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár.**

|                              | 2019<br>Samtals      | 2018<br>Samtals    |
|------------------------------|----------------------|--------------------|
| 01.01.2020 - 31.12.2020..... | 264.183.437          | 81.986.948         |
| 01.01.2021 - 31.12.2021..... | 221.791.449          | 80.789.199         |
| 01.01.2022 - 31.12.2022..... | 223.414.784          | 38.478.241         |
| 01.01.2023 - 31.12.2023..... | 206.245.500          | 39.303.820         |
| 01.01.2024 - 31.12.2024..... | 828.009.584          | 19.725.651         |
| Afborgun síðar.....          | <u>1.092.085.530</u> | <u>10.082.050</u>  |
| Langtímaskuldir alls.....    | <u>2.835.730.284</u> | <u>270.365.909</u> |

**Skuldbindingar**

12. Í samræmi við 11. og 31. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, 10 gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og 17. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, tók stjórn SORPU bs. ákvörðun um að leggja á sérstakt gjald á urðaðan úrgang til að uppfylla ákvæði framangreindra laga og reglugerða um ábyrgð á eftirliti og vöktun með urðunarstaðnum í 30 ár eftir að honum hefur verið lokað. Gjaldið leggst á allan urðaðan úrgang frá 16. júlí 2009 að telja. Ábyrgðin er í samræmi við 17. gr. lið b í reglugerð nr. 738/2003.

Til gjalda á tímabilinu eru færðar 10,6 millj. kr. og nemur skuldbinding vegna ábyrgðar á urðunarstað í lok tímabilsins 97,7 millj. kr.

Húsaleiguskuldbinding SORPU bs. nemur 55,4 millj. kr. í lok tímabilsins.

13. Endurvinnslustöðvar eru í eigu sveitarfélaganna og er færð skuldbinding vegna þeirra í bókum SORPU bs. Á móti lánunum sem tekin voru vegna endurvinnslustöðva á SORPA bs. kröfu á hendur sveitarfélögunum og dregst hún frá skuldbindingunni.

| Breyting skuldbindingarinnar er eftirfarandi á tímabilinu:                              | 2019               | 2018               |
|-----------------------------------------------------------------------------------------|--------------------|--------------------|
| Skuldbinding vegna endurvinnslustöðva í ársbyrjun.....                                  | 424.964.824        | 427.435.931        |
| Krafa á sveitarfélögin, vegna langtímalána endurvinnslustöðva, í ársbyrjun.....         | (158.976.867)      | (186.348.217)      |
| Afskrift á tímabilinu.....                                                              | (16.286.442)       | (16.158.441)       |
| Vextir og uppreikningur langtímalána.....                                               | (9.334.533)        | (11.575.950)       |
| Greiðslur frá sveitarfélögunum.....                                                     | 51.947.007         | 51.416.303         |
| Fjárfesting umfram lántöku.....                                                         | 0                  | 0                  |
|                                                                                         | <u>292.313.989</u> | <u>264.769.626</u> |
| Skuldbindingin sundurliðast þannig:                                                     | 31.12.2019         | 31.12.2018         |
| Endurvinnslustöðvar í árslok.....                                                       | 408.678.382        | 424.964.824        |
| Langtímalán og áfallnir vextir vegna endurvinnslustöðva.....                            | (116.364.393)      | (160.195.198)      |
|                                                                                         | <u>292.313.989</u> | <u>264.769.626</u> |
| Skuldbindingin skiptist í hlutfalli við íbúafjölda sveitarfélaga þann 31. desember 2019 | 31.12.2019         | 31.12.2018         |
| Reykjavíkurborg.....                                                                    | 56,34% 164.694.898 | 149.594.839        |
| Kópavogur.....                                                                          | 16,30% 47.656.342  | 42.945.633         |
| Hafnarfjörður.....                                                                      | 12,88% 37.653.154  | 34.578.913         |
| Garðabær.....                                                                           | 7,26% 21.236.379   | 18.931.028         |
| Mosfellsbær.....                                                                        | 5,18% 15.149.119   | 13.317.912         |
| Seltjarnarnes.....                                                                      | 2,03% 5.924.096    | 5.401.300          |
|                                                                                         | <u>292.313.989</u> | <u>264.769.626</u> |

## Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

14. Sveitarfélög sem standa að byggðasamlaginu bera einfalda ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum þess gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúafjölda þeirra.

Eignir samlagsins eru ekki veðsettar aðrar en þær sem keyptar eru með fjármögnunarleigu, sjá skýringu 11.

## Önnur mál

Laun og launatengd gjöld

15. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

|                                       | 2019                 | 2018                 |
|---------------------------------------|----------------------|----------------------|
| Laun.....                             | 951.650.146          | 906.573.078          |
| Launatengd gjöld.....                 | 246.420.739          | 240.699.052          |
| Laun og launatengd gjöld samtals..... | <u>1.198.070.885</u> | <u>1.147.272.130</u> |
| Ársverk                               | 113                  | 112                  |

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu 35,4 millj. kr. á árinu 2019

16. Þóknarir endurskoðenda

Þóknarir endurskoðenda greinast þannig:

|                                     | 2019              | 2018             |
|-------------------------------------|-------------------|------------------|
| Endurskoðun.....                    | 4.710.123         | 3.546.816        |
| Önnur þjónusta.....                 | 5.290.800         | 1.844.976        |
| Innri endurskoðun.....              | 2.690.670         | 2.668.225        |
| Þóknarir endurskoðenda samtals..... | <u>12.691.593</u> | <u>8.060.017</u> |

17. Tengdir aðilar eru:

|                                        | 2019<br>Seld þjón.<br>& vörur | 2019<br>Keypt þjón. &<br>vörur | 2019<br>Kröfur     | 2019<br>Skuldir    |
|----------------------------------------|-------------------------------|--------------------------------|--------------------|--------------------|
| <b>Tengdir aðilar 2019</b>             |                               |                                |                    |                    |
| Eigendur og dótturfélög þeirra.....    | 1.759.016.093                 | 159.694.681                    | 236.409.724        | 40.987.930         |
| Óuppgert vegna endurvinnslustöðva..... |                               |                                |                    | 88.701.351         |
| Óuppgert vegna grenndargáma.....       |                               |                                | 157.184            |                    |
| Metan ehf. dótturfélag SORPU bs.....   | 6.987.289                     | 6.093.966                      | 799.706            | 636.083            |
|                                        | <u>1.766.003.382</u>          | <u>165.788.647</u>             | <u>237.366.614</u> | <u>130.325.364</u> |

|                                        | 2018<br>Seld þjón.<br>& vörur | 2018<br>Keypt þjón. &<br>vörur | 2018<br>Kröfur     | 2018<br>Skuldir   |
|----------------------------------------|-------------------------------|--------------------------------|--------------------|-------------------|
| <b>Tengdir aðilar 2018</b>             |                               |                                |                    |                   |
| Eigendur og dótturfélög þeirra.....    | 1.605.162.738                 | 138.365.973                    | 179.255.646        | 18.555.238        |
| Óuppgert vegna endurvinnslustöðva..... |                               |                                | 13.523.802         |                   |
| Óuppgert vegna grenndargáma.....       |                               |                                | 539.890            |                   |
| Metan ehf. dótturfélag SORPU bs.....   | 6.238.840                     | 5.915.464                      | 516.769            | 623.450           |
|                                        | <u>1.611.401.578</u>          | <u>144.281.437</u>             | <u>193.836.107</u> | <u>19.178.688</u> |

18. Atburðir eftir reikningsskiladag

Í mars 2020 fóru áhrif faraldurs vegna COVID-19 veirunnar að gæta í rekstrarumhverfi byggðarsamlagsins. Mikil óvissa ríkir um framhaldið en almenn áhrif faraldursins á íslenskt efnahagslíf og fjármálamarkaði eru víðtæk. Ekki er fyrirséð um áhrif faraldursins á starfsemi byggðarsamlagsins en að mati stjórnar og framkvæmdastjóra hafa ekki komið fram vísbendingar við undirritun ársreiknings þess efnis að vafi kunni að leika á rekstrarhæfi byggðarsamlagsins.

## Fylgigögn með ársreikningi 2019

### Fimm ára yfirlit samlagsins

19. Fimm ára yfirlit félagsins á verðlagi hvers árs (í þús.kr.):

| Rekstur                      | 2019               | 2018               | 2017               | 2016               | 2015               |
|------------------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| Rekstrartekjur.....          | 3.848.213          | 4.171.039          | 3.740.026          | 3.325.556          | 2.814.158          |
| Rekstrargjöld.....           | <u>(3.475.432)</u> | <u>(3.431.661)</u> | <u>(3.167.290)</u> | <u>(2.775.873)</u> | <u>(2.271.244)</u> |
| Hagnaður f. afskriftir.....  | 372.780            | 739.378            | 572.736            | 549.683            | 542.914            |
| Afskriftir.....              | (222.566)          | (211.160)          | (164.256)          | (148.414)          | (138.587)          |
| Hagnaður f. fjárm. liði..... | 150.215            | 528.218            | 408.480            | 401.269            | 404.327            |
| Fjármagnsliðir.....          | <u>(53.931)</u>    | <u>13.937</u>      | <u>19.155</u>      | <u>17.353</u>      | <u>12.286</u>      |
| Hagnaður ársins.....         | <u>96.284</u>      | <u>542.155</u>     | <u>427.635</u>     | <u>418.622</u>     | <u>416.613</u>     |

| Efnahagur                        | 2019             | 2018             | 2017             | 2016             | 2015             |
|----------------------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|
| Fastafjármunur.....              | 6.840.215        | 3.217.323        | 2.406.103        | 1.694.433        | 1.518.360        |
| Veltufjármunir.....              | <u>1.043.650</u> | <u>1.414.921</u> | <u>1.453.950</u> | <u>1.538.468</u> | <u>1.199.321</u> |
| Eignir samtals.....              | <u>7.883.865</u> | <u>4.632.245</u> | <u>3.860.053</u> | <u>3.232.901</u> | <u>2.717.681</u> |
| Eigið fé.....                    | 3.809.566        | 3.513.281        | 2.621.126        | 2.193.491        | 1.774.869        |
| Skuldbindingar.....              | 390.040          | 348.905          | 310.817          | 273.167          | 238.412          |
| Langtímaskuldir.....             | 2.571.547        | 188.379          | 268.962          | 262.158          | 327.841          |
| Skammtímaskuldir.....            | <u>1.112.713</u> | <u>581.679</u>   | <u>659.147</u>   | <u>504.085</u>   | <u>376.559</u>   |
| Eigið fé og skuldir samtals..... | <u>7.883.865</u> | <u>4.632.245</u> | <u>3.860.052</u> | <u>3.232.901</u> | <u>2.717.681</u> |

20. Kennitölur úr rekstri:

|                             | 2019   | 2018   | 2017   | 2016   | 2015   |
|-----------------------------|--------|--------|--------|--------|--------|
| Veltufjárhlutfall.....      | 0,94   | 2,43   | 2,21   | 3,05   | 3,18   |
| Eignfjárhlutfall.....       | 48,32% | 75,84% | 67,90% | 67,85% | 65,31% |
| Arðsemi eigin fjár.....     | 2,63%  | 17,68% | 17,76% | 21,10% | 26,59% |
| Skuldsetningarhlutfall..... | 67,50% | 5,36%  | 10,26% | 11,95% | 18,47% |
| Ársverk.....                | 113    | 112    | 111    | 107    | 98     |